

Reykjavík, 29. apríl 2020
R18060129
100
ívs

Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar

Bréf þetta er sent til allra fagraða Reykjavíkurborgar sbr. B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og annara nefnda sbr. B-lið 64. gr eftir því sem við á.

Á fundi borgarstjórnar þann 21. apríl 2020 var samþykkt hjálögð tillaga, dags. 21. apríl 2020, um framlengingu á heimild til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi.

Heimilt er nú að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagraða og annara nefnda skv. B-lið 63. gr og B-lið 64. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Notkun slíks búnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 með þeirri undantekningu að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr.

Það tilkynnist hér með.

Umrædd heimild gildir til og með 2. júní 2020 og nær til:

mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs
menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs
skipulags- og samgönguráðs
skóla- og frístundaráðs
umhverfis- og heilbrigðisráðs
velferðarráðs
barnaverndarnefndar
endurskoðunarnefndar
aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks
fjölmeningarráðs
íbúaráða
innkauparáðs
ofbeldisvararnefnd
öldungaráðs

Frekar leiðbeiningar um heimild þessa og eftir atvikum um notkun fjarfundabúnaðar veitir

skrifstofa borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, dags. 21. apríl 2020.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013

BORGARSTJÓRN 21. apríl 2020: Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - R18060129

Lagt er til að borgarstjórn samþykki tímabundin frávik frá skilyrðum ákvæða 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga með vísan til auglýsingar nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Til og með 2. júní 2020 verður heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða samkvæmt B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og annarra nefnda samkvæmt B-lið 64. gr. samþykktarinnar, eftir því sem við á. Notkun fjarfundabúnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við ákvæði í leiðbeiningum um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013 og verklagsreglum um fjarfundi, þó þannig að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr. leiðbeininganna.

Einnig verður fundargerð borgarstjórnar áfram staðfest og yfirfarin af forseta borgarstjórnar og skrifurum, í samræmi við ákvæði 8. gr. leiðbeininganna.

Greinargerð:

Alþingi hefur samþykkt breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónuveirufaraldursins. Samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, sem gildir til 18. júlí 2020, er sveitastjórnnum heimilt að taka ákvarðanir til að bregðast við ástandinu. Í tillögunni sem nú er lögð fyrir borgarstjórn er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði áfram heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til fundar borgarstjórnar sem haldinn verður 2. júní nk.

Nr. 1140

4. desember 2013

AUGLÝSING

um leiðbeiningar um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna.

1. gr.

Markmið leiðbeininga þessara er að veita leiðsögn um notkun fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Um heimild til notkunar slíks búnaðar skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimildin á ekki við ef sveitarstjórnarmaður er staddur utan sveitarfélagsins eða forfallaður af öðrum orsökum en tilgreindar eru í 2. gr.

2. gr.

Sveitarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt í fundi sveitarstjórnar í gegnum fjarfundarbúnað ef fjarlægð frá fundarstað, slæmt veður eða samgönguörðugleikar innan sveitarfélags torvela honum fundarsókn. Sveitarstjórnarmaður sem óskar eftir að taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað af ofangreindum ástæðum skal tilkynna það oddvita og sveitarstjóra með nægjanlegum fyrirvara.

Með sama hætti og með sömu fyrirvörum má nýta fjarfundarbúnað á fundum byggðarráðs og annarra fastanefnda sveitarfélags.

3. gr.

Mikilvægt er að tryggja jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi hvort sem þeir eru viðstaddir eða taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Í því felst að tryggja þarf jafna möguleika þeirra til að biðja um orðið og tjá sig, taka þátt í atkvæðagreiðslu og bóka afstöðu sína til mála.

Ef gögn eru lögð fram á fundi vegna mála sem eru á dagskrá fundarins, skal tryggja að sveitarstjórnarmaður sem situr fund í gegnum fjarfundarbúnað geti kynnt sér gögnin. Einnig þarf að tryggja að fundarmenn eigi jafna möguleika á að fylgjast með kynningum á mynd- eða talnaefni, ef um slíkt er að ræða.

Leynilegar atkvæðagreiðslur geta ekki farið fram ef einhver fundarmanna tekur þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

4. gr.

Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana. Hið sama gildir um aðra þá sem fylgjast með fundi, sé um opinn fund að ræða.

Sé ekki mögulegt að hafa fundarmann sýnilegan getur hann tekið þátt í fundinum í gegnum síma, enda sé því ekki mótmælt af öðrum fundarmönnum og það tryggt að allir fundarmenn heyri vel í honum.

5. gr.

Miða skal við að meirihluti fundarmanna sé viðstaddur á boðuðum fundarstað. Ef meirihluti fundarmanna hefur ekki tök á að mæta á fundarstað vegna veðurs eða erfiðra samgangna ætti að öllu jöfnu að fresta fundi.

6. gr.

Mikilvægt er að tryggja öryggi í samskiptum á milli fundarmanna þannig að óviðkomandi geti ekki fylgst með umræðum um mál sem rædd eru á lokuðum fundi. Að jafnaði skal ekki nota fjarfundarbúnað ef ræða á sérstaklega viðkvæm trúnaðarmál á fundi. Fjarfundarbúnaður hentar því ekki til notkunar á fundum nefnda þar sem slík trúnaðarmál eru oft til umfjöllunar, svo sem á fundum barnaverndarnefndar.

Nr. 1140

4. desember 2013

7. gr.

Ef fjarfundarbúnaður bregst á fundi skal gert fundarhlé. Fundi verður ekki fram haldið fyrr en samband hefur náðst á ný eða varamaður tekið sæti á fundinum.

8. gr.

Fundargerð skal lesin upp í lok fundar og undirrituð af þeim fulltrúum sem eru viðstaddir. Sá sem tekur þátt í fundi gegnum fjarfundarbúnað skal eiga kost á að hlýða á upplesturinn svo hann geti komið að athugasemdum sínum ef einhverjar eru. Hann skal síðan undirrita fundargerðina á næsta fundi sem hann er viðstaddur eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

9. gr.

Leiðbeiningar þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr., sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Innanríkisráðuneytinu, 4. desember 2013.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Hermann Sæmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2013